



Til bæjarráðs

Kópavogi, 23. mars 2026
2508729/202.00 ABS

Ágrip – Náms- og starfsumhverfi sem styður við öryggi og vellíðan barna og starfsfólks í grunnskólum Kópavogs

Lögð er fram til kynningar í bæjarráði viðbragðsáætlun fyrir skóla- og frístundastarf, sem miðar að því að styðja við öryggi og vellíðan í náms- og starfsumhverfi barna og starfsfólks. Viðbragðsáætlunin var kynnt og samþykkt á fundi menntaráðs 17. mars sl.

Síðastliðið haust voru samþykktar 16 tillögur í grunnskólamálum undir yfirskriftinni 'Framtíðin í fyrsta sæti'. Tillaga nr. 15, *Náms- og starfsumhverfi sem styður öryggi og vellíðan*, var sett í fyrsta forgang í samráði við skólastjórnendur.

15. Náms- og starfsumhverfi sem styður öryggi og vellíðan

Öruggt náms- og starfsumhverfi er forsenda þess að nemendur og starfsfólk skóla upplifi traust og virðingu og hafi svigrúm til að sinna námi og starfi af heilindum. Öryggi nær til fjölmargra þátta og felur í sér vernd gegn áreitni, ofbeldi og óásættanlegri hegðun. Greint verður hvaða þættir í náms- og starfsumhverfinu styðja við öryggi, vellíðan og jákvæða menningu. Öryggi og aðgengi að skólahúsnæði og skólalóð verða sérstaklega skoðuð. Einnig verður rýnt hvernig ábyrgðarskipting og teymisvinna innan skóla geta styrkt samstarf og faglega vellíðan. Mótuð verða sameiginleg viðmið og ferlar um samskipti, ábyrgð og viðbrögð við aðstæðum sem ógna öryggi starfsfólks og nemenda. Lögð verður áhersla á virka þátttöku starfsfólks í mótun sameiginlegra viðmiða, eflingu faglegs trausts og eftirfylgni með umbótum.

Markmið: *Að styrkja öflugt náms- og starfsumhverfi í grunnskólum Kópavogs sem byggir á öryggi, trausti og faglegri virðingu.*

Í nóvember var stofnað sérfræðiteymi um framkvæmd tillögu 15, skipað tveimur skólastjórum, framkvæmdastjóra Arnarskóla og starfsfólki á skrifstofu menntasviðs. Teymið skilgreindi verkefnið nánar og vann drög að viðbragðsáætlun. Í vinnunni var jafnframt haft samráð við verkefnastjóra miðlægs bráða- og viðbragðsteymis höfuðborgarsvæðis (Púlsinn), lögregluna í Kópavogi og samfélagslögreglu. Einnig voru skipulagðir samráðsfundir í öllum grunnskólum með teymi starfsfólks auk funda með forstöðumönnum frístunda og félagsmiðstöðva, til að tryggja heildstæða nálgun og skýra mynd af þörfum skólanna.

Næstu skref eru útfærsla, innleiðing og kynning viðbragðsáætlana fyrir starfsfólk í skóla- og frístundastarfi. Markmiðið er samræmt verklag sem tryggir fyrirsjáanleika, forvarnir fagmennsku og öryggi í öllum grunnskólum bæjarins.

Virðingarfyllt,

Anna Birna Snæbjörnsdóttir
Sviðsstjóri Menntasviðs

